

Alþjóðasamningurinn um borgaraleg og stjórn mála efnahagsleg réttindi

(Óopinber útdráttur)

Þessi samningur var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna hinn 16. desember 1966 og öðlast gildi 23. mars 1976. Í byrjun árs 2009 hafði samningurinn verið fullgiltur í 164 ríkjum.

Í samningnum er nánar kveðið á um hin borgaralegu og stjórn mála efnahagsleg réttindi sem sett eru fram í Mannréttindafyrirsögu Sameinuðu þjóðanna.

Í 1. grein samningsins skuldbinda ríki sig til að stuðla að viðurkenningu á sjálfsákvörðunar- rétti og að virða þann rétt. Einnig er kveðið á um að allar þjóðir megi, í sínu eigin markmiði, ráðstafa óhindrað náttúruauðæfum og auðlindum sínum.

Meðal réttinda einstaklingsins sem samningurinn kveður á um eru:

2. grein

Réttur einstaklings til lagalegra úrbóta þegar brotið hefur verið á honum, enda þótt skerðingin hafi verið framin af mönnum sem fara með stjórnvald.

3. grein

Jafn réttur til handa kórlum og konum til þess að njóta borgaralegra og stjórn mála efnahagsleg réttinda sinna.

6. grein

Rétturinn til lífs.

7. grein

Rétturinn til frelsis frá ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

8. grein

Frelsi frá því að vera haldið í þrældómi og nauðungarvinnu.

9. grein

Rétturinn til frelsis og mannhelgi og að þurfa ekki að sæta handtöku eða annarri frelsisskerðingu að geðþótta.

11. grein

Rétturinn til að þurfa ekki að sæta fangavist vegna skuldar.

12. grein

Rétturinn til umferðarfrelsis.

14. grein

Rétturinn til jafnréttis fyrir dómstólum; rétturinn til að vera talinn saklaus þar til sekt hefur verið sönnuð og njóta réttlátrar og opinberrar rannsóknar fyrir óhlutdrægum dómstóli.

16. grein

Rétturinn til þess að vera viðurkenndur sem aðili að lögum.

17. grein

Rétturinn til einkalífs og lagaverndar ef brotið er gegn honum.

Samningurinn er lagalega bindandi. Mannréttindaneftindin, sem stofnuð er skv. 28. grein, fylgist með framkvæmd hans.

Alþjóðasamningurinn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi

(Óopinber útdráttur)

Alþjóðasamningurinn um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi (1966) myndar ásamt Mannréttindafyrirsögu Sameinuðu þjóðanna (1948) og Alþjóðasamningnum um borgaraleg og stjórn mála efnahagsleg réttindi (1966) hina svonefndu Alþjóðlegu réttindaskrá. Í samræmi við Mannréttindafyrirsögu Sameinuðu þjóðanna viðurkenna samningarnir að... sú hugsjón að menn séu frjálssir og njóti borgaralegs og stjórn mála efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttinda. "Í lok árs 2008 hafði samningurinn verið fullgiltur af 160 ríkjum.

1. grein

Allar þjóðir hafa sjálfsákvörðunar- rétt. Vegna þessa réttar ákveða þær frjálst stjórn mála efnahagslegri, félagslegri og menningarlegri þróun sinni.

2. grein

Hvert aðildarríki mun gera allt sem í þess valdi stendur til að þau réttindi sem kveðið er á um í þessum samningi komist í framkvæmd í áföngum. Allir skulu njóta sömu réttinda án manngreinarálits.

3. grein

Aðildarríkin munu tryggja jafnan rétt karla og kvenna til að njóta allra réttinda sem kveðið er á um í þessum samningi.

4. grein

Þessi réttindi geta aðeins verið háð takmörkunum ef slíkt liggur í hlutarins eðli og eingöngu í þeim tilgangi að stuðla að velferð almennings í lýðfrjálsu þjóðfélagi.

5. grein

Enginn einstaklingur, hópur eða ríkisstjórn hefur rétt til að gera þessi réttindi að engu.

6. grein

Allir menn hafa rétt til að stunda vinnu, þar með talinn rétt til að vinna fyrir sér í starfi sem þeir taka að sér af frjálsum vilja.

7. grein

Hver maður á rétt á sanngjörnum vinnuskilyrðum; réttlátum launum sem tryggja honum og fjölskyldu hans sómasamlega lífsafkomu; sömu launum fyrir sömu vinnu; öryggi við störf og heilsusamlegum vinnuskilyrðum; sömu möguleikum og allir aðrir á stöðuhækkun; hvíld og fríttundum.

Heimild: Mannréttindaskrifstofan í Minnesota, byggt á UN Centre on Human Rights, The International Bill of Rights, Fact Sheet nr. 2.